



**Leiðbeinandi tilmæli
nr. 1/2008**

**Leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu
fjármálafyrirtækja.**

ÉKKI Í gildi

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

5. júní 2008

I. Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur nú út leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja. Tilmælin gilda eftir því sem við á bæði fyrir móðurfélög og samstæður fjármálafyrirtækja. Tilmælin munu leysa af hólmi leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2004, um framkvæmd á lausafjárstýringu gengisbundinna liða hjá fjármálafyrirtækjum.

Tilmælin setja fram nokkrar meginreglur um bestu framkvæmd lausafjárstýringar og byggja á tilmælum frá Basel nefndinni um bankaeftirlit um bestu framkvæmd við stýringu á lausu fé hjá bönkum (*e. Sound Practices for Managing Liquidity in Banking Organisations*).¹ Í tilvitnuðu skjali frá Basel nefndinni er að finna nánari umfjöllun og vísast til þess varðandi frekari skýringar.

Mikilvægt er að fjármálafyrirtæki leggi sérstaka áherslu á lausafjárstýringu og endurfjármögnun og fari eftir tilmælunum. Laust fé, eða geta til að fjármagna aukningu í eignum og standa við skuldbindingar þegar þær falla til, er grundvallaratriði fyrir rekstrarhæfi sérhvers fjármálafyrirtækis. Stýring á lausafé er þess vegna meðal þýðingarmestu starfsþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis. Traust stýring á lausu fé getur dregið úr líkum á alvarlegum áföllum. Þýðing lausafjárstýringar er ekki eingöngu bundin við einstök fjármálafyrirtæki þar sem áfall hjá einu fjármálafyrirtæki getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Af þeim sökum er mikilvægt að greina hvernig fjármögnunarbörf kynni að þróast við ólíkar aðstæður, þ.m.t. erfið ytri skilyrði, auk þess að mæla lausafjárstöðu með reglubundnum hætti.

Þess skal getið að á vegum Basel nefndarinnar er unnið að endurskoðun á tilmælunum og munu þessi tilmæli verða endurskoðuð þegar þeirri vinnu er lokið.

II. Efni leiðbeinandi tilmæla um bestu framkvæmd á lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja.

Skipulag á stjórnun lausafjár

1. Fjármálafyrirtæki skal samþykkja stefnu um daglega stjórnun lausafjár, sem öllum lykilstjórnendum skal vera kunn.
2. Stefnan skal samþykkt af stjórn fjármálafyrirtækis ásamt helstu reglum um stjórnun lausafjár. Það er á ábyrgð stjórnar að framkvæmdastjórn fjármálafyrirtækis fylgist með og stýri lausafjárahættu. Stjórn skal reglulega upplýst um stöðu lausafjár og án tafar ef verulegar breytingar verða á lausafjárstöðu til verri vegar eða horfur eru á verulegum breytingum.
3. Stjórnskipulag fjármálafyrirtækis þarf að styðja við framkvæmd á lausafjárstefnunni. Framkvæmdastjórn ber að sjá til þess að lausu fé sé stjórnað á árangursríkan hátt, og að viðeigandi reglum og ferlum sé komið á til að stjórna og takmarka lausafjárahættu. Fjármálafyrirtæki ættu að setja sér mörk um stöðu lausafjár og endurskoða þau mörk reglulega.
4. Fjármálafyrirtæki verður að hafa fullnægjandi upplýsingakerfi til að mæla, fylgjast með og stýra lausafjárahættu og upplýsingamiðlun í því sambandi. Upplýsingarnar ættu að berast tímanlega til stjórnar, framkvæmdastjórnar og til annarra innan fjármálafyrirtækis sem málið varðar.

¹ <http://www.bis.org/publ/bcb69.htm>

Mæling og eftirlit á hreinni (e. net) fjármögnunarpörf

5. Fjármálafyrirtæki ber að koma á ferli sem mælir og fylgist reglulega með hreinni fjármögnunarpörf
6. Fjármálafyrirtæki ber að greina lausafé með því að nota ýmis konar álagspróf.
7. Fjármálafyrirtæki ber reglulega að endurmeta þær forsendur sem notaðar eru við stjórnun lausafjár og taka ákvörðun um gildi þeirra.

Markaðsaðgengi.

8. Fjármálafyrirtæki ber reglulega að endurmeta tengsl við fjármögnunaraðila, til að viðhalda dreifingu á fjármögnun, auk þess að tryggja seljanleika eigna.

Viðbúnaðaráætlun

9. Fjármálafyrirtæki ber að hafa til staðar viðbúnaðaráætlun sem tekur á því hvernig bregðast eigi við lausafjárerfiðleikum og mögulegri lausafjárekreppu.

Lausafjárstjórnun á liðum í erlendri mynt

Ekki í gildi

10. Fjármálafyrirtæki ber að hafa upplýsinga- og eftirlitskerfi til að fylgjast með lausafjárstöðum í helstu erlendu myntum sem það á viðskipti með. Til viðbótar því að meta heildarlausafjárstöðu í erlendum myntum, ber fjármálafyrirtæki að framkvæma sérstaka greiningu á stefnu sinni varðandi lausafjárstöðu í sérhverri erlendri mynt.
11. Með hliðsjón af greiningu á lausafjárstöðu í helstu erlendu myntum, samanber tölulið 10, ber fjármálafyrirtæki, þegar það á við, að endurmeta reglulega viðmið varðandi ójafnvægi í sjóðsstreymi yfir tiltekið tímabil, bæði vegna heildarstöðu í erlendum myntum og vegna helstu erlendra mynta sem fjármálafyrirtækið á viðskipti með.

Innra eftirlit með lausafjárstýringu

12. Fjármálafyrirtæki ber að hafa fullnægjandi innra eftirlit með stýringu lausafjár. Grundvallaratriði í innra eftirliti er reglulegt óháð mat á virkni kerfa og, ef nauðsyn krefur, að tryggt sé að viðeigandi úrbætur á innra eftirliti séu gerðar. Skýrslur um innra eftirlit ættu að vera tiltækar fyrir Fjármálaeftirlitið á aðgengilegan hátt.

Opinber upplýsingagjöf varðandi lausafjárstöðu

13. Fjármálafyrirtæki ber að sjá til þess að viðeigandi opinberri upplýsingagjöf sé sinnt.

III. Upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins um lausafjárstöðu á samstæðugrunni.

Seðlabanki Íslands innheimtir mánaðarlega skýrslur um laust fé á móðurfélagsgrunni, í samræmi við reglur sem bankinn setur, sbr. reglur nr. 317/2006, um lausafjárhlutfall. Fjármálaeftirlitið hyggst innheimta reglulega skýrslur um laust fé á samstæðugrunni. Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn munu samnýta framangreindar upplýsingar.

Meðfylgjandi er sýnishorn af eyðublöðum varðandi upplýsingagjöf um laust fé á samstæðugrunni. Rétt er að taka fram að eyðublöð þessi kunna að taka breytingum og ný að bætast við án sérstakra breytinga á tilmælum þessum.

Reykjavík, 5. júní 2008

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson

Ragnar Hafliðason


Ekki í gildi


Consolidated 0-8 days liquidity report

Bank:

ISK millions **0-8 days**


Assets / Cash Inflow

Secured liquidity		Explanation of definitions
Cash and cash balances with central banks		
Loans to financial institutions		Assets net of intra-group loans
Unused assets eligible for repo at central banks		Assets eligible for repo according to the rules of the respective central banks
Listed bonds excluding repo		Other listed bond not eligible for repo at central banks
Listed equities OMX-Iceland		All equities at own risk available for sale/held for trading
Other listed equities		All equities at own risk available for sale/held for trading
Unused revolvers and other committed backup facilities, without MAC clauses		
Other assets (explain in detail)		Assets at fair valuation, without haircuts
...		
...		
...		
...		
...		

Other liquidity		
Unused revolvers and other committed backup facilities, with MAC clauses		
Assets eligible for repo (excluding repo at Central Banks)		Unlisted assets
Other assets eligible for securitization (please specify)		Securitized within the timeperiod
Loan portfolio cash flow - principal and interest		
Bonds used for repo		For netting out debt with repo counterparties
Other assets (explain in detail)		Assets at fair valuation, without haircuts
...		
...		
...		
...		
...		
Other off balance sheet assets		Assets at fair valuation, without haircuts
...		
...		
...		
...		

Total Accumulated

Liabilities / Cash outflow

Deposit from credit institutions and Central Banks		
Deposits from customers (retail) - non domestic		Retail customers are individuals and SME's. Domestic: deposits from customers in the same country where the legal entity (subsidiary) of the consolidation is registered/licensed.
Deposits from customers (retail) - domestic		Retail customers are individuals and SME's. Domestic: deposits from customers in the same country where the legal entity (subsidiary) of the consolidation is registered/licensed.
Other deposits non domestic		
Other deposits domestic		
CP (Commercial Paper) - principal and interest		
MTN (Medium Term Note) - principal and interest		
Unused committed credit lines		
Payable debt - interest and principal		
Gross lending to customers - cash flow		
Debt at Central Banks (used repo)		For netting out debt with repo counterparties
Other liabilities (list them all)		Liabilities without repayment subtraction
...		
...		
...		
...		
Other off balance sheet liabilities		Liabilities without repayment subtraction
...		
...		
...		
...		

Total Accumulated **0**

Net Position **0**

Accumulated net position **0**

Ekki í gildi

Domestic: deposits from customers in the same country where the legal entity (subsidiary) of the consolidation is registered/licensed.

Please indicate if there are any constraints on transferability of assets from subsidiary to parent company. Same applies to liquidity requirements to foreign branches in host-country.

